



Aðgerðir sem fylgja endurskoðaðri málstefnu Reykjavíkurborgar

1. Íslenska er í öndvegi hjá Reykjavíkurborg

Aðgerð 1 Unnar verða leiðbeiningar og birtar í Stílbók Reykjavíkur um hvað það þýðir að íslenska sé í öndvegi. Aðgengilegur texti á mannamáli ásamt myndum og útskýringum um ýmis álitæfni, ásamt spurningum og svörum um *íslensku í öndvegi*.

Markmið

Allt starfsfólk hafi sameiginlegan skilning á málumhverfi sem stefnt er að hjá Reykjavíkurborg.

2. Öll samskipti fela í sér vinsemd og virðingu

Aðgerð 2.1 Unnar verða og birtar leiðbeiningar um inngildandi orðaval í samskiptum og birtar í Stílbók Reykjavíkur.

Markmið

Almenn þekking meðal starfsfólks á hvað inngildandi orðalag felur í sér og hvernig hægt er að haga orðum sínum svo sem flest upplifi að þau tilheyri.

Aðgerð 2.2 Stílbók Reykjavíkur verður sérstaklega kynnt nýju starfsfólki sem verkfæri til þess að nota í starfi.

Markmið

Starfsfólk viti hvar hægt er að leita að upplýsingum um málfar, textagerð og orðalag.

Aðgerð 2.3 Sjá aðgerð í fjölmenningsstefnu um þróun verkferla og viðbragða ef athugasemd berst vegna orðræðu eða mismununar.

Markmið

Starfsfólk hafi vettvang til þess að tilkynna þegar það upplifir jaðarsetningu, örಾರೆiti, fordómafulla framkomu eða orðalag í starfi á vegum borgarinnar.



3. **Íslenska er meginsamskiptamál Reykjavíkurborgar. Starfsfólk notar íslensku í störfum sínum nema þegar aðstæður krefjast þess að það noti önnur tungumál. Starfsfólk sem er í beinum samskiptum við borgarbúa hefur grundvallarfærni í íslensku.**

Aðgerð 3.1 Gerðir verða gátlistar og leiðbeiningar fyrir stjórnendur til þess að máta málumhverfi starfsstöðva við málstefnu Reykjavíkur og gera nauðsynlegar úrbætur ef þörf er á.

Markmið

Stjórnendur hafi stuðning til að styrkja íslensku sem aðalsamskiptamál á jákvæðan hátt.

Aðgerð 3.2 Búið verður til fræðsluefni um samskipti þvert á tungumál.

Markmið

Stjórnendur hafi stuðning til að styrkja íslensku sem aðalsamskiptamál á jákvæðan hátt.

4. **Allar upplýsingar eru aðgengilegar og auðskiljanlegar. Vandað og skýrt mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnarsýslu borgarinnar. Starfsfólk skrifar einfaldan, skýran og hlutlægan texta.**

Aðgerð 4 Búið verður til fræðsluefni á Torgið um auðlesið mál. Torgið er fræðslukerfi starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Markmið

Auka þekkingu starfsfólks á á auðlesnu máli. Hvað er það? Hver geta nýtt sér auðlesið mál?



5. Allt efni Reykjavíkurborgar er á íslensku. Auk þess er fólki tryggt aðgengi að upplýsingum, til dæmis með túlkun, þýðingum eða texta á auðlesnu máli. Þegar þýðing er til staðar er íslenskur og erlendur texti alltaf birtur samhliða.

Aðgerð 5.1 Bætt verður við kafla í Stílbók Reykjavíkur um verklag og gæðaviðmið við þýðingar á vegum Reykjavíkur, með sýnidæmum um uppsetningu.

Markmið

Hugað verði að gæðum þýðinga og þess gætt að íslenskur frumtexti verði ekki viðskila við þýðingar á erlend tungumál.

Aðgerð 5.2 Öll svið borgarinnar safna saman orðum og hugtökum sem notuð eru í þeirra starfsemi, í samræmi við tillögu A.3 í endurskoðaðri stefnu Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingarmál.

Markmið

Búinn verði til orðalisti yfir helstu hugtök í þjónustu borgarinnar. Hann verði þýddur á ensku og hugsanlega fleiri tungumál.

Aðgerð 5.3 Gerðar verða leiðbeiningar um vélþýðingar og notkun gervigreindarlausna til þýðinga og almennra samskipta.

Markmið

Ramma inn hvað er leyfilegt og æskilegt þegar unnið er með tungumál og tæknilausnir.



6. Reykjavíkurborg skapar starfsfólki skilyrði og hvetur það til að bæta íslenskukunnáttu sína með símenntun og stuðningi. Hjá Reykjavíkurborg er lítið á tungumálakunnáttu og margbreytileika mannlífsins sem auðlind.

Aðgerð 6.1 Áfram verður stutt við starfsfólk sem vill bæta starfstengda íslenskukunnáttu sína með fjölbreyttum leiðum, til dæmis með rafrænu stöðumati, námskeiði hjá tungumálaskóla, námskeiði á starfsstað eða BARA TALA. Starfsstaðir muni geta sótt um að fá bættan kostnað við afleysingar þegar starfsfólk sækir íslenskunámskeið á vinnutíma.

Markmið

Fjölga starfsfólki af erlendum uppruna sem stundar íslenskunám á starfsstað eða í nágrenni hans, á vinnutíma.

Aðgerð 6.2 Mögulegt verður að skrá tungumálakunnáttu starfsfólks í mannauðs- og launakerfi svo stjórnendur geti haft yfirsýn yfir tungumálauð á starfsstöðvum sínum.

Markmið

Stjórnendur hafi yfirsýn yfir þróun og breytingar í tungumálakunnáttu starfsfólks og geti mætt fræðsluþörf og gripið tækifæri til að virkja tungumálauð starfsfólks.

Aðgerð 6.3 Stofnað verður til hlutverks íslenskufulltrúa á öllum vinnustöðum með fleiri en einn starfsmann af erlendum uppruna. Fulltrúarnir sækja námskeið um hlutverkið og stjórnendur starfsstaðanna námskeið til að geta stutt við verkefnið. Fyrirmynd íslenskufulltrúa er hinir sænsku „spraakombud“ sem munu samkvæmt væntanlegum lagabreytingum verða skylda í Svíþjóð.

Markmið

Starfsfólk sem er að læra íslensku fái fleiri tækifæri til að æfa sig í að tala í daglegu starfi á vinnustaðnum.

Aðgerð 6.4 Starfsstaður fær viðurkenningu sem íslenskuvænn vinnustaður ef hann (1) er með þjálfaðan íslenskufulltrúa, (2) býður starfsfólki að sækja íslenskunámskeið á vinnutíma og/eða notar Bara tala og (3) stjórnandinn hefur sótt námskeið í að styðja við íslensku og nám starfsfólks af erlendum uppruna.

Markmið

Veita íslenskuvænum vinnustöðum viðurkenningar.



7. **Upplýsingamiðlun til fólks með sérþarfir og fötlun er í samræmi við alþjóðlega staðla. Reykjavíkurborg tryggir upplýsingagjöf með talgervlum, á punktalettri og íslensku táknmáli þar sem við á.**

Aðgerð 7 Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB) kannar ávinning og kostnað af því að nýta auðlesið mál innan borgarinnar.

Markmið

Kanna fýsileika og ávinning af notkun auðlesins máls á vegum borgarinnar.

8. **Málstefnan tekur mið af annarri stefnumótun og gildir á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar og hjá fyrirtækjum og stofnunum sem veita þjónustu fyrir hönd borgarinnar.**

Aðgerð 8 Endurskoðuð málstefna verður kynnt vel innan og utan borgarinnar.

Markmið

Innleiða endurskoðaða málstefnu Reykjavíkur.